

Fundargerð 30. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 16. nóvember 2017 kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Siguður P. Sigmundsson.

Einnig sat fundinn Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Verkstaða.

Verkið er 2-3 vikum á eftir áætlun. Búið er að steypa upp jarðhæð og fyrstu hæð. Verið er að ljúka steypu á plötu 2. hæðar og byrjað er á veggsteypu hæðarinnar. Samhliða er lagnavinna unnin. Uppsteypu hússins lýkur í janúar 2018. Næsti fundur verði haldinn á Sólvangi og óskað er eftir því að Stefán Veturliðason, verkefnastjóri framkvæmdarinnar mæti á fundinn.

2. Ákvæði um mansal/keðjuábyrgð.

Eftirlit er í höndum Verkís og hafa þeir fengið launaseðla frá verktaka og undirverktökum þeirra til yfirferðar. Ekkert bendir til annars en að þetta ákvæði sé í lagi hjá verktakanum.

3. Svar velferðarráðuneytisins um fjölgun hjúkrunarrýma.

Með bréfi dagsettu 24.júlí 2017 kemur að fram að ráðuneytið er tilbúið til að skoða fjölgun hjúkrunarrýma á Sólvangi þegar greitt hefur verið úr helstu óvissuþáttum. Sjá meðfylgjandi bréf.

Verkefnastjórn felur sviðsstjóra Fjölskylduþjónustu óska eftir frekari skýringum og fundi með ráðherra.

4. Framkvæmdasjóður aldraðra.

Lögð fram bréf frá Framkvæmdasjóði aldraðra varðandi úthlutanir úr sjóðnum fyrir árið 2017. Hafnarfjarðarkaupstaður sendi inn þrjár umsóknir í fyrsta lagi var sótt um framlag til endurbóta á aðgengi og aðstöðu fyrir dagdvöl og þjónustumiðstöð í öðru lagi var sótt um framlag til að breyta hluta Sólvangs í þjónustumiðstöð og í þriðja lagi var sótt um framlag til að breyta hluta húsnæðis Sólvangs í hjúkrunarheimili, samtals 33 hjúkrunarrými.

Framkvæmdasjóður samþykkir 22.127.969 kr. Vegna endurbóta á aðgengi og aðstöðu fyrir dagdvöl og þjónustumiðstöð. Þakkað er fyrir stuðning við fyrsta áfanga að breytingum á Sólvangi.

Fundi slitið kl. 17:00.